

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus Hvalfjörður



Dags eftirlits	9.12.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Kratus	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Matthías Matthíasson	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Jónsson	Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram tvö ný frávík þar sem að uppfæra þarf vöktunarkerfi og jarðvegsmælingar í umhverfi verksmiðjunnar m.t.t. PCDD/PCDF hafa ekki verið gerðar síðan í lok árs 2013. Þá voru gerðar tvær athugasemdir við starfsemina vegna álfaka sem geymd eru utandyra umhverfis verksmiðjuna og að ekki var tilkynnt um bilun í mengunarvarnarbúnaði til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili hefur frest til 16. febrúar nk. til að bæta úr eldra frávíki er varðar uppsöfnun á síu og fínryki á lóðinni.

Umhverfisstofnun óskar auk þess eftir greinagerð um fyrirhugaða viðbyggingu á lóð rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir umfang starfseminnar. Eins og fram kemur í fyrri eftirlitsskýrslu keypti Kratus verksmiðju Alur álvinnslu sem áður var með starfsemi í Helguvík. Búið er að setja upp ofn og mengunarvarnarbúnað sem var áður í verksmiðju alur álvinnslu. Tilkynning um gangsetningu eftir breytingar á verksmiðjunni hjá Kratus barst Umhverfisstofnun 20. júlí síðastliðinn. Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili vinnur nú álgjall, annars vegar með salti eins og áður og hins vegar án íblöndunar salts líkt og Alur álvinnslu gerði í sinni verksmiðju. Rekstraraðili hefur óskað um undanþágu til Umhverfis og auðlindaráðuneytisins.

Þá var farið yfir móttöku hráefna. Töluvert magn af hráefni hefur safnast upp á lóðinni á meðan breytingar í verksmiðjunni hafa staðið yfir. Um 150 tonn eru af álgjalli á lóðinni og um 250 tonn af álfökum. Vinnsla á fínryki og síuryki er ekki hafin er rekstraraðili hyggst endurvinnna rykið í ofninum hjá sér. Rekstraraðili hefur frest til 16. febrúar nk. til að vinna niður birgðirnar.

Hljóðmælingar voru gerðar á lóð Kratusar í ágúst sl. Farið var yfir niðurstöðurnar en í skýrslunni kemur fram að mælingar við lóðarmörk séu undir viðmiðunarmörkum í reglugerð um hávaða.

Vegna breytinganna hefur ekki verið gerð útblástursmæling það sem af er ári. Í eftirlitinu kom fram gert var ráð fyrir að mæling yrði gerð fyrir lok árs 2015.

Rekstraraðili stefnir á að byggja við núverandi verksmiðjuhús sem rúmar betur hráefni, afurðir og úrgang frá verksmiðjunni. Byggingarleyfi fyrir viðbyggingunni liggur fyrir. Ef tímaplön ganga eftir má gera ráð fyrir að unnt verði að hefja framkvæmdir við frágang lóðar í vor og byggingin verði fullbyggð í ágúst. Að því loknu hyggst rekstraraðili ljúka við að girða lóðina af og áætla að því verði lokið í október 2016. Eftirlitsaðili minnti á kröfur um olíuskiljur þar sem við á.

Rætt var um umhverfisvöktun í umhverfi verksmiðjunnar en rekstraraðili hefur gert samning við iðjuverin um þáttöku í sameiginlegri vöktunaráætlun á svæðinu. Endurskoða þarf sameiginlega vöktunaráætlun iðjuveranna á Grundartanga. Vöktunaráætlunin þarf að innihalda upplýsingar um fyrirkomulag jarðvegsmælinga.

Útflutningur á saltköku hefur tafist á árinu en áætlað er að um 2400 tonn af saltköku séu í geymslu í Vogatungu og í gámum á lóð rekstraraðila. Stefnt er að því að senda út næstu sendingu í janúar og eru útflutningsleyfi tilbúin fyrir hana. Rekstraraðili hyggst framvegis senda saltköku til endurvinnslu í gámum og að sendingarnar verði þá tíðari en nú er.

Rekstur hreinsivirkja hefur gengið ágætlega. Ein bilun kom upp þegar mótórar gáfu sig með þeim afleiðingum að hreinsivirki sló út. Við bilunina sló ofninn jafnframt út.

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar var endurskoðuð í sumar og hefur nú verið samþykkt.

Frávík frá

grein 3.1 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Uppfæra þarf vöktunarkerfi fyrir verksmiðjunna þar sem að núverandi vöktunarkerfi nær einungis til loka árs 2014.

Grein 5.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka þátt í samstarfi um vöktun vegna mengandi starfsemi á Grundartangasvæðinu. Umhverfisstofnun hefur gert kröfu um árlegar jarðvegsmælingar í umhverfi Kratus m.t.t. PCDD/PCDF (sbr. tölvupóstsamskipti frá 5.9.2013). Síðasta jarðvegsmæling var gerð í október 2013.

ATHUGASEMDIR

Rætt var um hreinleika álflaka en ljóst er að efnið inniheldur ýmis óhreinindi og því óæskilegt að það sé geymt á malarplani þar sem að frárennsli rennur af því, óhindrað í jarðveg.

Bilun kom upp í mengunarvarnarbúnaði en ekki var tilkynnt um atvikið til eftirlitsaðila. Tilkynna skal slík atvik í netfangið ust@ust.is

ANNAÐ

Umhverfisstofnun óskar eftir greinagerð um viðbyggingu á verksmiðjuhúsi þar sem fram kemur stærð rýma fyrir hráefni, afurðir og úrgang. Í greinagerðinni skal meta hve langan tíma tekur að fylla hvert rými miðað við framleiðsluheimild verksmiðjunnar.

Umhverfisstofnun barst kvörtun um ammoníakslykt og slæma umgengni þann 24. nóvember sl. og var farið í fyrirvaralaust eftirlit daginn eftir vegna þess. Sér skýrsla var gerð fyrir það eftirlit.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.02.2016


Halla Einarsdóttir